



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

17. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn
fimmtudaginn 17. nóvember 1977 kl. 20.30

Fundinn sóttu: Skólameistari, yfirkennari, Gunnar Sveinsson formaður, Ingvar Jóhannsson, Guðjón Kristjánsson Jón Hólmgeirsson, Guðrún Sigurðardóttir, Eggert Ólafsson Hreinn Ásgrímsson, Sigrún Þorsteinsdóttir og Kristinn Guðjónsson formaður Nemendafélags F. S. var viðstaddur á meðan 1. dagskrárliður var til umræðu.

1. Skólameistari upplýsti að nemendur skólans hefðu nýlega farið í þriggja daga ferðalag í Þórsmörk. Hefðu tveir kennarar skólans farið með nemendum. Fara kennararnir fram á að fá greidd laun í 25 klst. hvor fyrir ferðalag þetta.

Kvaðst skólameistari óska eftir því að skólanefnd ræddi hvaða greiðsluform skuli haft varðandi slíkar ferðir og einnig hvort skólinn ætti að greiða þær eða nemendur. Fram hefur komið ósk frá Kennarafélagi F.S. um að greiðslur sem þessi fári fram í gegnum skrifstofu skólans.

Kristinn Guðjónsson formaður Nemendafélags F.S. kvað nemendafélagið hafa það að markmiði að virkja sem flesta nemendur í félagslífi skólans. Þórsmörkurferðin hefði verið til þess atluð að efla kynni nemenda og virkja þá sem lítt hefðu verið virkir. Skilyrði þess að þátttaka í félagslífi verði góð er að kostnaður þátttakenda verði hafður sem minnstur. Einnig sagði Kristinn kennara skólans vera því andsnúna að nemendafélagið þyrfti að annast slíkar greiðslur.

Skólanefndin er sammála um að þar sem engin leikfimi-kennsla er við skólann sé eðlilegt að fella ferðalag

þetta undir líkamsrækt nemenda og greiða kennurum fyrir það sem slíkt. Þá var samþykkt að semja reglur um greiðslur til kennara fyrir störf að félagsmálum nemenda og leggja þær fyrir næsta fund.

2. Fluglíðabraut: Skólameistari upplýsti að Ottó Tynes flugmaður væri reiðubúinn til að taka að sér umsjón brautarinnar og getur hann útvegað nauðsynlegt kennaralið.

Námsefni danska flugskólans má nota án endurgjalds.

Kennsla getur hafist eftir áramót, en þó á eftir að senda inn formlega beiðni um stofnun brautarinnar til ráðuneytis.

Samþykkt var að afgreiða þennan lið um leið og afgreiðsla fjárveitinganefndar varðandi byggingarmál skólans hefur farið fram.

3. Byggingarmál: Skólameistari, ásamt formanni skólaneftndar Jóni Hólmgeirssyni og Ingvari Jóhannssyni sátu nýlega fund með fjárveitinganefnd og ræddu byggingarmál skólans. Lögðu þeir mikla áherslu á nauðsyn þess að fjárveiting fengist til þess að byggja hæð ofan á núverandi skólahús. Þá gat formaður þess einnig, að fyrir skemmstu hefði Fræðsluráð Reykjanesumdæmis gert samþykkt þar sem farið er viðurkenningarorðum um forystuhlutverk Fjölbrautaskóla Suðurnesja í málefnum framhaldsskóla og skoraði fræðsluráðið þar á fjárveitinganefnd að leysa úr húsnæðisvanda skólans.

4. Öldungadeild: Skólameistari upplýsti að ennþá hefði ekki fengist endurnýjun á leyfi því er í fyrra fékkst hjá ráðuneytinu til starfrækslu öldungadeildar, en það leyfi var aðeins veitt til eins árs. Hins vegar er deildin starfrækt ennþá á eðlilegan hátt og vonast er til að umsókn sú sem send hefur verið um áframhaldandi starfrækslu verði fljótlega afgreidd.

5. Tölvuvinnsla: Skólameistari sagði að fengist hefði fjárveiting til sameiginlegrar tölvuvinnslu stundaskrár áfangakerfissskóla.

Náðst hefur samkomulag milli allra áfangakerfissskólanna um sameiginlegt kerfi, sem byggir að mestu á núgildandi kerfi F.S. Kerfi þetta hefur verið kynnt menntamála-ráðuneytinu en hefur ekki hlotið formlega viðurkenningu þess ennþá.

6. Ýmis mál:

Heimsóknir: Þann 3. nóv. s.l. komu kennarar og forráðamenn Fjölbrautaskólans á Akranesi til að kynna sér kerfi og fyrirkomulag skólans, en þeir hyggjast nota sama kerfi.

Þann 14. nóv. komu kennarar Gagnfræðaskólans í Garðabæ skólanefndarmenn og bæjarfulltrúar í kynnisferð í skólann.

Foreldrafundur: Skólanefnd, skólameistari og yfirkennari eru sammála um að í upphafi næstu annar verði haldinn foreldrafundur á vegum skólans.

Sigrún Þorsteinsdóttir, fulltrúi kennara lagði fram eftirfarandi samþykkt: "Kennarafélagsfundur Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn 17. nóvember 1977 samþykkir að fara þess á leit við skólanefnd að kennarar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem búsettir eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu fái styrk vegna ferðakostnaðar til og frá vinnustað."

Skólanefndin samþykkir að vísa málinu til S.S.S. og væntir jákvæðrar afgreiðslu málsins. Jafnframt væntir nefndin þess að sveitarfélögin taki upp samræmda afstöðu í málum sem þessu. Þá vill skólanefndin benda á að mál þetta mun væntanlega leysast á næstu önn ef af starfrækslu flugliðabrautar verður því þá mun væntanlega ganga skólabifreið frá Reykjavík.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið klukkan 23.20

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson